

Sæl öll nemendur MH og aðstandendur – framhald af pósti sem sendur var 11. janúar.

Veikindaskráning er aftur orðin eins og hún var á síðustu önn, þ.e. að **það er bara hægt að skrá veikindi fyrir heilan dag**. Ekki er tekið við veikindaskráningu fyrir staka tíma. Ef nemendur fara veikir heim úr skólanum má hafa samband við skrifstofuna og athuga með að skrá veikindi það sem eftir er dagsins. Fjarvera vegna læknisheimsóknar eða aðrar tilfallandi fjarvistir taka nemendur á sig og hafa til þess ákveðinn slaka sem má lesa um [í skólasóknarreglunum](#). Það skiptir einnig miklu máli að skrá athugasemd þegar veikindi eru skráð svo við áttum okkur á ástæðu veikindaskráningar ykkar.

Við setjum fjarvistarkóðann C á nemendur sem eru með Covid-19, K á þá sem eru í sóttkví en aðrir sem eru með önnur veikindi fá fjarvistarkóðann V. Til að við getum skráð þetta samviskusamlega þá er nauðsynlegt að skrifa texta í athugasemdareitinn.

Við bendum á náms- og starfsráðgjafa ef um sértilfelli er að ræða varðandi langvarandi veikindi.